

Sp.

757. Tillaga til þingsályktunar

um framlag ríkisins til byggingar áburðarverksmiðju.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja til hliðar af tekjum ársins 1945 og 1946 fé það, er henni hefur verið heimilað að taka af tekjum þessara ára til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt 22. gr. XXXIII í fjárlögum fyrir árið 1945 og 22. gr. XXVII í fjárlögum fyrir árið 1946.

Greinargerð.

Í 22. gr. fjárlaga fyrir árin 1945 og 1946 er ríkisstjórninni heimilað að verja af tekjum ríkisins þessi ár 2 millj. króna hvort árið til stofnunar áburðarverksmiðju. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1945 eins og það var lagt fyrir Alþingi af þáverandi ríkisstjórn var tekin upp greiðsla til stofnunar áburðarverksmiðju. Við meðferð fjárlaganna í þinginu var þessi greiðsla felld niður, en ríkisstjórninni í þess stað veitt framanskráð heimild. Frumvarpi því, er fyrrv. stjórn hafði lagt fyrir Alþingi, var einnig vísað frá, til Nýbyggingarráðs. Nú fyrir skömmu hefur Nýbyggingarráð skipað sérstaka nefnd til áframhaldandi undirbúnings málsins, og mun hún sennilega skila álitu sínu og tillögum áður en langur tími líður. Þó að svo kunni að fara, að nokkur dráttur verði á því, að framkvæmdir verði hafnar í málinu, er nauðsynlegt að hefja þegar hinn fjárhagslega undirbúning þessa mikla nauðsynjamáls landbúnaðarins, og er því hér fram á það farið, að fjármunir þeir, sem Alþingi hefur heimilað í þessu skyni, verði nú þegar lagðir til hliðar, svo að þeir verði þar með tryggðir þessu fyrirtæki, þegar tími þykir til þess kominn, að í það verði ráðizt.